

Nr. 303/1994. Fimmtudaginn 20. október 1994.
Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
 gegn

Gunnari Birni Björnssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Lydíu Einarsdóttur

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Uptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. mars 1994 til þyngingar refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gunnar Björn Björnsson og Lydía Einarsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvort fyrir sig skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Hilmar Ingimundarsyni og Hjalta Steinþórssyni, hvorum 25.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 107/1994: Ákærvaldið gegn X, Gunnari Birni Björnssyni og Lydíu Einarsdóttur, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. febrúar sl., á hendur ákærðu, X [...], Gunnari Birni Björnssyni, áður að Ásbúð 62 í Garðabæ, nú að Púfubarði 15 í Hafnarfirði, fæddum 5. desember 1970, fæðingarnúmer 436, og Lydíu Einarsdóttur, Álakvísl 14 í Reykjavík, fæddri 13. júní 1958, fæðingarnúmer 628.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í september 1993 í ágóðaskyni staðið sameiginlega að innflutningi á 1965,3 g af hassi, sem ákærðu X og Gunnar Björn keyptu í Amsterdam og meðákærða, Lydíu, flutti innan klæða hingað til lands 19. september, og var hún handtekin á Keflavíkurflugvelli og hald lagt á allt efnið, en samkomulag var með ákærðu um, að hún fengi hluta efnisins fyrir flutninginn. Ákærði X greiddi allan ferðakostnað fyrir sig og meðákærðu og fjármagnaði að auki fíkniefnakaupin.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar. Þá er þess krafist, að 1965,3 g af hassi verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Með skýlausum játningum allra ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök og eru rétt færð til refsíakvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þau sætt refsingum sem hér segir:

Ákærði Gunnar Björn var dæmdur í september 1990 í 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, og 24. júní 1992 var hann dæmdur í 78.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga, og sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 24. mars 1992. Þá hefur ákærði gengist 10 sinnum undir að greiða sektir með dómsátt frá árinu 1989 og fram til og með 30. apríl 1992. Er ein sáttin fyrir ölvun, fimm fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. fyrir ölvun við akstur, ein þeirra auk þess fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga og ein auk þess fyrir fíknilöggjafarbrot. Fjórar sáttanna eru eingöngu fyrir brot á fíkniefnalöggjöf, þ. á m. þrjár hinar síðustu, ein árið 1991 og tvær árið 1992.

Ákærða, Lydíu, hlaut árið 1982 sektardóm fyrir ölvunarakstur og var svipt ökuleyfi í 18 mánuði. Var þessi dómur staðfestur síðar á árinu í Hæsta-

rétti. Þá hefur ákærða tvívegis gengist með sátt undir að greiða sektir, fyrst 1988 og síðan 1991, í bæði skiptin aðallega fyrir ölvunarakstur.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Með hliðsjón af fyrri sakaferli ákærða Gunnars Björns varðandi brot á fíkniefnalöggjöf þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Refsing ákærðu, Lydíu, sem ekki hefur áður brotið gegn fíkniefnalöggjöfinni, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Sat ákærði X í gæslu frá 23. september sl. kl. 10,45 til 6. október sl. kl. 11,35, í 14 daga. Ákærði Gunnar Björn sat í gæslu frá 22. september sl. kl. 22,20 til 29. september sl. kl. 12, í 7 daga, og ákærða, Lydía, frá 20. september sl. kl. 21,12 til 24. september sl. kl. 20,30, í 4 daga. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákeru og samkvæmt þeim lagaákvæðum, er þar greinir, að gera upptækt til ríkissjóðs það hass, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, 1.965,3 g.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. og 3. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu X og Gunnar Björn greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í þóknun óskipt og ákærða, Lydía, skipuðum verjanda sínum, Hjalta Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur í þóknun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 14 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Gunnar Björn Björnsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 7 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærða Lydía Einarsdóttir sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 4 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Upptæk eru til ríkissjóðs 1.965,3 g af hassi.

Ákærðu X og Gunnar Björn greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, óskipt í þóknun 35.000 krónur. Ákærða, Lydía, greiði skipuðum verjanda sínum, Hjalta

Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur í þóknun. Ákærðu greiði öll annan sakarkostnað óskipt.
